



Félag löggiltra endurskoðenda

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 135/762**  
**komudagur 4.12.2007**

Reykjavík 4. desember 2007  
Tilv. FLE 23-2007

**Nefndasvið Alþingis**  
**Austurstræti 8-10**  
**150 Reykjavík**

**b/t Eiríks Áka Eggertssonar, nefndarritara**

**Málefni: Umsögn um frumvarp til laga um erfðafjárskatt, 206. mál.**


Með bréfi dags. 22. nóvember s.l. óskaði Efnahags- og skattanefnd Alþingis eftir umsögn Félags löggiltra endurskoðenda (FLE) um ofangreint málefni.

Samkvæmt samþykktum félagsins sendi stjórnin ofangreint erindi til álitsnefndar FLE.

Álitsnefndin tók málið til umfjöllunar og gerir meðfylgjandi athugasemdir við frumvarpið.

Stjórn FLE er fyrir sitt leyti sammála niðurstöðu álitsnefndar.

Virðingarfyllst,  
f.h. Félags löggiltra endurskoðenda

  
Gunnar Sigurðsson  
Faglegur framkvæmdastjóri FLE

## Athugasemdir FLE vegna frumvarps til laga um erfðarfjárskatt

### Athugasemd 1

---

Samkvæmt 3. gr. frumvarpsins skal miða við gangverð hlutabréfa í viðskiptum í óskráðu hlutafélagi, annars bókfært verð eigin fjár samkvæmt síðasta endurskoðaða ársreikningi eða árshlutareikningi viðkomandi félags að viðbættum áunnum óefnislegum verðmætum sem metin eru til fjár og gefa af sér arð í framtíðinni en óheimilt er lögum samkvæmt að færa til bókar. Sama gildir um eignir í öðrum fólögum.

Í fyrsta lagi er gerð athugasemd við orðalagið "annars". Hér vantar væntanlega á undan orðin "ef það liggur fyrir".

Í öðru lagi er gangverð óskráðs félags ekki skilgreint sem valdið getur erfiðleikum við að ákvarða hvort slíkt verð sé í raun til.

Í þriðja lagi skal bent á að síðari hluti þessa málsliðar er óskýr og getur orkað tvímælis. Ákvæðið virðist ansi víðtækt þar sem margvíslegar óefnislegar eignir er óheimilt að færa til eignar í bókhaldi félaga. Má þar nefna viðskiptavild sem myndast hefur inni í félaginu sjálfu, verðmæti vörumerkja, viðskiptasambanda, mannauðs, orðspors og svo mætti lengi telja. Er ætlunin með þessu ákvæði að ætíð skuli fara fram verðmat á óskráðum félögum sem erfast og hvernig á slíkt mat að fara fram? Hvaða óefnisleg verðmæti eru metin til fjár og hver þeirra gefa af sér arð í framtíðinni? Við teljum að þetta ákvæði sé til þess fallið að vekja deilur um mat og skilgreiningar.